LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Til Veiðigjaldsnefndar

Arndís Á Steinþórsdóttir, Daði Már Kristófersson,
Jóhann Sigurjónsson

Reykjavík 10. október 2017

Landssamband smábátaeigenda (LS) hefur um nokkurt skeið haft til skoðunar álagningu veiðigjalda fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.

LS hefur ástæðu til að ætla að forsendur sem nefndin hafði til útreikninga gefi ekki rétta mynd af afkomu útgerða félagsmanna sem eru eigendur báta minni en 30 brt. Þar er einkum horft til veiðigjalda á þorski og ýsu sem er meginuppistaðan í afla þeirra.

Í skýrslu nefndarinnar til sjávarútvegsráðherra 30. júní sl. kemur fram að við útreikninga hafi í fyrsta skiptið verið stuðst við gögn útgerðaraðila frá Ríkisskattstjóra úr skattframtölum 2016 til upplýsinga um úthaldskostnað. Hagfræðastofnun Háskóla Íslands hafi síðan metið afkomuígildi út frá fyrirliggjandi gögnum þar sem kostnaður og aflaverðmæti er flokkað eftir skipaflokkum. Í töflu 4 koma í skýrslunni fram upplýsingar um skipaflokka. Gríðarlegur munur er á breytingum á afkomutölum báta undir 10 brl. og báta 10 – 200 brl. Þróunin neikvæð milli ára hjá bátum < 10 brl en jákvæð hjá bátum 20 – 200 brl.

Hreinn hagnaður EBT m.kr.	Samtals	Bátar undir 10 brl.	Bátar 10-200 brl.	Bátar > 200 brl.	Upp-sjávar-veiðiskip	Ísfisk-togarar	Botn-fiskfrysti-togarar*	Upp-sjávar-frystiskip
2014	14.873	203	3.201					
2015	31.100	71	6.278					

Með skírskotun til þessarar flokkunar og áðurframkomnar upplýsinga um þann bátaflokk sem LS er umbjóðandi fyrir óska undirritaðir eftir upplýsingum um EBT hagnað fiskveiða hjá bátum minni en 30 brt. og bátum 30 brt. – 200 brl. Enn fremur er óskað eftir upplýsingum um þær tölur sem fram koma í töflu 3 - Afkomuígildi botnfisks - m.t.t. báta minni en 30 brt. í þorski og ýsu.

Tegund	Aflaverðmæti (mkr.)	Landaður afli (tonn)	Veiðidagar (verðmæti)	Laun (mkr.)	Annar breytilegur kostnaður (mkr.)	Framlegð (mkr.)	Framlegð (kr/kg)	Afkomuígildi m.v. þorsk
Ýsa	7.809	33.568.434	4.481	2.058	1.827	3.924	116,89	1,14
Þorskur	48.046	229.089.270	39.458	12.673	0	23.465	102,43	1,00

Í öðru lagi óskar LS eftir upplýsingum um hversu hátt hlutfall eftirtaldir þættir í afkoma vega til útreiknings veiðigjalds í þorski og ýsu

1. Fiskvinnsla
    a. Mjölvinnsla
    b. Frysting uppsjávar
    c. Frysting bolfiskur
    d. Söltun og hersla
    e. Ísfiskur vinnsla

2. Afkoma báta < 10 brl.
3. Veiðar báta milli 10 og 200 brl.
4. Veiðar báta > 200 brl
5. Ísfisktogarar
6. Frystitogarar
7. Uppsjávar frystiskip
8. Uppsjávar veiðiskip

Í þriðja lagi óskar LS eftir skýringum nefndarinnar um hvers vegna kvótaleiga sé ekki tekin inn í útreikninga þegar kostnaður er metinn. Bent skal á að verulegur kostnaður hefur fallið á útgerðir krókaaflamarksbáta umfram aðra útgerðarflokka vegna kvótaleigu. Í töflunni sem hér fylgir er yfirlit um tilfærslu veiðiheimilda í þorski og ýsu úr aflamarki í krókaaflamark.

	Þorskur		Ýsa		
	Magn	Leiguverð	Magn	Leiguverð	Leigugjald nettó
2013/2014	63 tonn	215 kr/kg	3.592 tonn	301 kr/kg	1.094.737.000
2014/2015	- 1.377 tonn	217 kr/kg	2.918 tonn	269 kr/kg	486.133.000
2015/2016	- 1.319 tonn	207 kr/kg	2.409 tonn	194 kr/kg	194.313.000

Auk þessa er ekki annað að sjá en kvótaleiga sé reiknuð með í EBT hagnaði en að sama skapi ekki sem liður í breytilegum úthaldskostnaði. Virðist því um verulegt vanmat á þessum kostnaðarliðum þar sem þeir sem veiða greiða veiðigjaldið. Á fiskveiðárinu 2015/2016 má ætla að kostnaður útgerða krókaaflmarksbáta hafi verið 2,5 milljarðar við tilfærslu til veiða á þorski og ýsu. Samanlagður kostnaður þeirra fyrir nefnd þrjú fiskveiðiár nemur tæpum 7,8 milljörðum.

Virðingarfyllst

Axel Helgason formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri